

**HUGARLEIFTUR  
ENCOUNTERS**

**Diane Neumaier  
Christos Chrissopoulos**

Diane Neumaier er myndlistarkona og vinnur með ljósmyndir sem byggjast á hugmyndalist og hafa verið sýndar víða um heim. Hún hefur skapað fjölda af myndaseríum, þar á meðal *Metropolitan Tits*, *Fountains and Urns*, *Museum Studies*, og *Color Plates*. Á þessu ári mun hún halda sýningu undir yfirskriftinni *A VOICE SILENCED* í Tyler Museum of Art í Ríkis-háskóla New York í Oswego og Gyðingasafninu í Frankfurt í Þýskalandi. Listakonan vinnur mikið í austur-Evrópu og hlaut Fulbright styrk til að vinna í Moskvu 1994. Hún er ritstjóri væntanlegrar safnbókar: *BEYOND MEMORY: Photo-related Nonconformist Works of Art from the Soviet Union*, Rutgers University Press, New Brunswick, 2004. Hún var einnig ritstjóri *Reframings: New American Feminist Photographies*, Temple University Press, Philadelphia, 1996, og listtimaritsins *Contemporary Russian Art Photography*, CAA, New York, 1994.

- Diane Neumaier er prófessor í ljósmyndun við Mason Gross listaskólann við Rutgers University í Bandaríkjunum.

Diane Neumaier is an artist whose conceptually based photography has been exhibited internationally. Her many bodies of work include *Metropolitan Tits*, *Fountains and Urns*, *Museum Studies*, and *Color Plates*. In 2003, Neumaier's exhibition *A Voice Silenced* will be presented by the Frankfurt Stadt Jewish Museum in Germany, and by the Tyler Museum of Art at the State University of New York at Oswego. Neumaier works extensively in East Europe and was a Fulbright Fellow in Moscow in 1994. She is the editor of the forthcoming anthology *Beyond Memory: Photo-related Nonconformist Works of Art from the Soviet Union*, Rutgers University Press, New Brunswick, 2004. Neumaier is the editor of *Reframings: New American Feminist Photographies*, Temple University Press, Philadelphia, 1996, the editor of the *Art Journal Contemporary Russian Art Photography*, CAA, New York, 1994. Diane Neumaier is Professor of Photography at Mason Gross School of the Arts, Rutgers University.

**HUGARLEIFTUR  
ENCOUNTERS**



Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús  
Janúar - mars 2003

# HUGARLEIFTUR ENCOUNTERS

Diane Neumaier  
&  
Christos Chrissopoulos



LISTASAFN REYKJAVÍKUR  
REYKJAVIK ART MUSEUM



## INNGANGUR / INTRODUCTION

Erlendir listamenn sem hafa með einhverjum hætti gert Ísland að viðfangsefni sínu hafa frá fyrstu tíð einkum leitað til íslenskrar náttúru og unnið sín listaverk út frá undrum hennar og sérstöðu. Sjaldgæfara er að borgarland Reykjavíkur hafi heillað erlent listafólk sérstaklega. Landsmönnum sjálfum þykir hið manngerða menningarumhverfi borgarinnar öðru fremur hversdagslegt og finnst því erfitt að imynda sér að listamenn finni þar kveikjuna að sinni listsköpun. Hér er engu að síður komið eitt slíkt dæmi. HUGARLEIFTUR er samstarfsverkefni bandarísku listakonunnar Diane Neumaier og gríska rithöfundarins Christos Chrissopoulos sem dvöldu í Reykjavík sumarið 2000. Þau gengu um borgina tímunum saman dag hvern og urðu fyrir áhrifum af henni hvort á sinn hátt. Listakonan safnaði útilistaverkum og týndum hönskum á ljósmyndir - tilviljanakenndum sýnum úr menningarumhverfi borgarinnar. Á meðan bjó rithöfundurinn til fókusvein borgarlandsins sem á í kæruleysislegum, stuttum samskiptum við fólk sem hann hittir, fylgist grannt með borginni sinni og er sjálfur orðinn hluti af henni. Árangurinn af þessari vinnu kemur saman í innsetningunni HUGARLEIFTUR sem veitir gestum áhugaverða innsýn í hugarheim listamanna. Með listsköpun sinni ná þeir að bregða nýju ljósi á hversdagslegt umhverfi okkar - sem listin og menningin á þó ætíð rætur sínar í.

Foreign artists that have in some way made Iceland the subject of their art have from the earliest examples mostly looked to Icelandic nature and created their art on the basis of its wonders and characteristics. But there are few examples of the cityscape of Reykjavík having a special influence on foreign artists. The inhabitants themselves consider the man-made cultural environment of the city mundane above all else and therefore find it hard to imagine that artists can find the catalyst for their artistic creation there. Yet, here is one such example.

ENCOUNTERS is a collaboration between American artist Diane Neumaier and Greek novelist Christos Chrissopoulos, who spent the summer of 2000 in Reykjavík. They walked through the city for hours every day, forming impressions in their different ways. The artist collected public sculptures and lost gloves in photographs - accidental views of the cultural environment of the city. The writer meanwhile invented a city wanderer, who has casual, short exchanges with people he meets, diligently observes his city and has become part of the city himself.

The results of these efforts are brought together in the installation ENCOUNTERS, that gives visitors an interesting insight into the world of artists. Through their creativity they are able to shed new light on our everyday environment - an environment that art and culture nonetheless always grows out of.

Eiríkur Þorláksson

## BÓKIN INNAN Í

Hugarleiftur er skurðpunktur tveggja listgreina sem vinna saman. Ljósmyndun og orðið koma hér ekki saman í „sýndu - gríptu“ leik heldur standa þessi listform hvort frammi fyrir hinu, samfléttuð í fúgu máls og myndar.

Hlutur bókmennta á þessari sýningu er 31 svipmynd í orðum samkvæmt lausamálshefð nútíma smásagna (*Mr. Palomar* eftir Italo Calvinio, *Herr Keuner* eftir Berthold Brecht og eins má nefna *Incidences* eftir Daniil Kharm). Hér er rannsakað vísindalegt eðli reynslu (og þar með lífs) þess nafnlausu manns sem er á ferð í Hugarleiftrum. Myndirnar sem settar eru upp í röð, efna saman í „bók“ innan Hugarleiftra og skapa „stuttan látbragðsleik“<sup>1</sup>

Sá kjarni sem bregður lit sínum og birtu á Hugarleiftur er ihugun manns sem gengur um götur borgarinnar. Frá bókmenntalegu sjónarmiði má skoða Hugarleiftur sem „látbragðsleik“ saminn um borgina. Umfjöllunarefnið er upplifun borgarinnar. Hinn nafnlaus maður á ferli er sérstakur fyrir Reykjavík en um leið er hann hvarvetna. Af tilviljun var hann í þessari borg, en hann hefði allt eins getað verið hvar sem var. Þannig má skynja í gegnum hann hve algild er upplifun borgarinnar. Þetta einstigi milli hins alþjóðlega og þjóðlega liggur innst í Hugarleiftrum og skilar upp á yfirborðið mannlegum viðhorfum í þessu þver-menningarlega sköpunarverki.

<sup>1</sup> Látbragðsleikir (Mimes) er hellensk bókmenntagrein (skeyttir eru saman stuttir lausamálskaflar, útdrættir um tiltekið efni). Þessi bókmenntagrein lá niðri öldum saman þar til framúrstefnu rithöfundar endurvöktu hana, þar á meðal Marcel Schwob (*Mimes and The Book of Monei*), Max Aub (*Paradigmatic Murders*), Thomas Berhardt (*The Mime of Voices*)



## THE BOOK INSIDE

*Encounters* is a meeting of two mediums that function in parallel. Photography and writing in this project, are not involved in an "illustration vs. caption" game, but are set against each other, entwined in a visual and literary fugue.

The literary aspect of the project is a collection of 31 vignettes in the modern tradition of short prose (Italo Calvino's *Mr Palomar*, Berthold Brecht's *Stories of Herr Keuner*, and even Daniil Kharm's *Incidences*), that explore the paradigmatic nature of the experience (and hence of the life) of the anonymous character that inhabits *Encounters*. Arranged in a row in the installation, the vignettes comprise a "book" within *Encounters* and create a "short Mime"<sup>1</sup>

The nucleus of the character in *Encounters* is the notion of the flaneur, the city wanderer. From a literary stand point, *Encounters* can be regarded as a "Mime" built around the city. Its subject is urban experience. The nameless stroller of the work is particular to Reykjavik and at the same time he is universal. He happened to be in this city, nevertheless, he could be found in any city. In this sense, what is recognized through him is the universality of the urban experience. This balance between the global and the national lies in the core of *Encounters* and brings to the surface the humanistic aspects of this cross-cultural effort.

Christos Chrissopoulos

Reykjavik, janúar 2003

<sup>1</sup> "Mimes" are an eclectic genre of Hellenistic literature (consisting of a collection of short prose excerpts focused on a given subject) which was forgotten for centuries until it was re-discovered by of avant-garde writers including Marcel Schwob (*Mimes* and *The Book of Monef*), Max Aub (*Paradigmatic Murders*), Thomas Berhardt (*The Mime of Voices*).

## LJÓSMYNDUN HVERSDAGSLEIKANS

Myndir á póstkortum, Hornaboltakort. Minningabækur skóla. Bækur um fugla. Vöruskrár. Heildarskrár myndverka. Alfræðiorðabækur. Fjölskyldualbúm. Sakamannamyndir. Forsetamyndir í vönduðum römmum, hengar upp í röð. Myndir Eugénes Atgets frá París í upphafi 20. aldar. Heimildamyndir Hillu og Bernds Bechers af þýskri byggingarlist frá lokum 20. aldar. Heimildasöfn, mannlegar mínjar, saga. Þetta eru þær ljósmyndir, skrásettar og flokkaðar, sem kveiktu hugmyndina að ljósmyndum mínum af styttnum og týndum hönskum í Hugarleiftrum

Styttur Reykjavíkur, umhyggjusamlega settar öllum til sýnis. Lóðrétt sjónarhorn. Upplyftandi. Öllum ætlaðar. Verk listamanna. Þaulhugsaðar. Menntandi. Ríkulegar.

Týndir hankar Íslendinga, liggjandi hirðuleysislega hvert sem litið er. Lárétt sjónarhorn. Staðreynd. Persónulegir. Nafnlausir. Vixlanlegir. Tilviljunarkenndir. Verðlausir. Í hrúgum.

Hugarleiftur. Á veggjum safnsins eða á blaðsíðum þessarar bókar, myndirnar mínar og texti eftir Chris - þessi undarlega, uppburðalitla sögupersóna hans og reykvísu stytturnar mínar og hanskarnir - þetta ávarpar hvað annað, talast við, hvort yfir annað, hvort gegn öðru, hvort gegnum annað. Orð og myndir. Myndir og texti. Þetta samvefst, samblandast, samfyllist, samflækist en hafnar ef til vill hvað öðru að lokum.

## PHOTOGRAPHY IN THE EVERYDAY

Picture postcards. Baseball cards. School yearbooks. Field guides to birds. Product catalogs. Catalogue raisonnee. Encyclopedias. Family albums. Mug shots. President's portraits, solemnly framed and hung in a row. Eugène Atget's early 20th-century views of Paris. Hilla and Bernd Becher's documents of late 20th-century German architecture. All records, human traces, history. These are the photographs, archived and arranged, that inspired my photographs of sculptures and lost gloves presented in Encounters.

Reykjavik sculptures, caringly placed for all to see. Vertical views. Uplifting. Public. Made by artists. Unique. Deliberate. Civilizing. Abundant.

Icelanders' lost gloves, carelessly displaced anywhere one looks. Horizontal views. Lowdown. Personal. Anonymous. Interchangeable. Accidental. Without value. In multitudes.

Encounters. On the museum's walls or the pages of this book, my photographs and Chris' text — his curious, self-conscious, illusive, imaginary character and my Reykjavik sculptures and gloves — speak to each other, with each other, over each other, against each other, through each other. Words and pictures. Images and text. They contextualize, confuse, compliment, complicate and perhaps ultimately ignore one another.

Diane Neumaier

Reykjavík, janúar 2003







*Þessar seimdregnu lestir af heilögum þeinkimáta héldu áfram að sveima einsog reimleikar að baki hennar ...*

Halldór Laxness: Sjálfstætt fólk, 53. kafla.

*This droning procession of sacred philosophy shambled along behind her back like a file of penitent ghosts...*

Halldor Laxness "Independent People", pg. 338. Vintage 1997

Hann er mikill vexti. Hann gengur um götur borgarinnar, það sækja á hann endalaus heilabrot. Hann starir logandi augum. Hann sér eins og köttur. Hann talar við trén. Hann berst með orðum í leit að dygðinni. Hann vill skilja ...

He is a big man. He walks the city streets hounded by unrelenting thoughts. He stares with electrified eyes. His vision is as sensitive as a cat's. He talks to the trees. He fights with words seeking for virtue. He wants to understand.



### SKILNINGUR

Á skáldakynningu kvöld eitt hlýddi hann á myrkan kveðskap og skildi ekki neitt. Hann fór til skáldsins og bað um skýringar. „Skilningur spillir ánægjunni,“ svaraði skáldið. Hann brosti og bað skáldið að fara aftur með kvæðið.

### COMPREHENSION

At a poetry reading one night he heard an obscure poem but he understood nothing. He approached the poet and asked for an explanation.

“Comprehension destroys pleasure” the poet replied. He smiled and asked the poet to read the poem once more.



#### **ATORKA**

Hann hitti gamlan granna sinn á illa lýstu kaffihúsi fjarri miðbænum. „Svo að þú varðst gamall og þreyttur og þungur á þér,” sagði hann þegar hann sá hann niðurdreginn. „Kapp mitt var ekki gert af traustara efni,” svaraði granninn.

#### **ACTION**

He met an old neighbor in a dark coffee house far from the city center. “You grew old and tired and heavy” he said seeing him heartbroken. “My ambition was not made of sturdier material” the neighbor replied.





**PUNGLYNDI**

Þegar hann er spurður um tónlist vitnar hann ævinlega í ljóðlínu frá Shelley: „Tónlist, þegar hljóðar raddir þagna“.


**SPLEEN**

When asked about music he always quotes that old line from Shelley "Music, when soft voices die."











### **VANMÆTTI**

Hann hitti rithöfund, heldur vesældarlegan náunga. Rithöfundurinn mælti: „Það vildi ég að ég kynni hvorki að lesa né skrifa því að þetta er það eina sem ég get.“ Þessi orð festust honum í minni og hann tók þau svolítið nærri sér.

### **PARTIALITY**

He met a writer. A rather miserable fellow. The writer said “It would be better if I didn’t know how to write for I am unable to do anything else.” That phrase was stuck in his mind causing a somewhat uncomfortable feeling.

### **ÞÖGN**

Hann fór inn á kaffihús um sólsetur. Einu gestir þar voru tvær gamlar konur. Þær sátu hlið við hlið og horfðu móti glugganum. Engín orðræða. Þar hlustaði þögnin á þögnina. Dumbrauð sólin seig í hafið og vindurinn lék á flautu sína. Honum þótti hvíslíð verða móðurmál sitt.

### **SILENCE**

He stepped inside the pastry shop at sunset. The only clients were a couple of old women sitting next to each other facing the windowpane. Speechless. Like one silence listening to the other. The purple sun submerged into the sea and the wind whistled like music that afternoon. He felt that silence became his mother tongue.













### **GUÐSÓTTI**

Hann hitti eitt sinn mjög auðmjúkan mann, mann sem gerði ekki greinarmun á guðsótta og ótta. Sá maður skalf af angist þegar hann talaði við ókunnuga, þorði ekki einu sinni að horfast í augu við annað fólk. Þegar hann ávarpaði þennan mann varð hann niðurlátur og hvíslaði: „Paradís er ofur brothætt. Hún hrynur við fyrstu afvegaleiddu hugsun.“ Hann gekk burt og leit ekki um öxl.

### **PIETY**

He once met a very humble man who confused piety with fear and lived life in terror. Trembling with anxiety when talking to strangers. Not even daring to look people straight in the eye. When he talked to that man the stranger lowered his head and whispered "Paradise is very fragile. One stray thought and it is shattered." He walked away and didn't look back.

### **ÁST Á BÓKUM**

Honum þykir vænt um bækur en bókakostur hans er lítill. Hann telur bækur lítilmótlega gervimynd af lífinu. Eitt sinn hittu hann mann sem átti fleiri bækur en eðlilegt var miðað við aldur hans. „Ég er ófær um að hugsa og þess vegna læt ég bækur hugsa fyrir mig,” sagði maðurinn til skýringar á bókaeigninni.

### **BIBLIOPHILISM**

He loves books but his library is small. He finds books a cheap substitute for life. He once met a man who had more books than could fit into his years. "I can not think and therefore I let books think for me" the man explained.

### **ÞOLINMÆÐI**

Hann hljóp heim. Faðir hans var fárveikur. „Hvað getum við gert,“ sagði hann við móður sína. Hann var svo miður sín að hann fann engin hughreystingarorð og hann þorði ekki að horfast í augu við hana. „Við getum verið þolinmóð,“ sagði hún rólega því að hún varð að bera þjáninguna fyrir tvo. Eiginmann og son. Þá rann það upp fyrir honum að þolinmæðin er birtingarmynd örvæntingarinnar.

### **PATIENCE**

He ran home. His father had fallen seriously ill. “What can we do?” he asked his mother. He was so confused that he couldn’t find any word of consolation for her and he was afraid to look her straight in the eyes. “Patience” she said calmly because she had two for whom to suffer. A husband and a son. This is when he realized that patience is the face of desperation.







**LOKIN**

„Það er hárfín list að ljúka bréfi þegar blekið er á þrotum. Síðasta dropinn þarf að geyma til að setja lokapunktinn,“ sagði hann þegar faðir hans dó.

**END**

“It is a delicate art to finish a letter while your ink is running out. You have to reserve one last drop for the ultimate full stop” he said when his father died.





**Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur /  
Director of Reykjavík Art Museum: Eiríkur Þorláksson**

**Kynningarstjóri / PR: Soffía Karlsdóttir**

**Þýðing / Translation: Aðalsteinn Davíðsson**

**Yfirlestur handrita / Proofreading and editing:  
Aðalsteinn Davíðsson og Úlfar Bragason**

**Umsjón með gerð sýningarskrár / Catalogue production:  
Sigríður Ólafsdóttir**

**Ljósmyndir / Photographs: Diane Neumaier**

**Forgrunnur kápumyndar / Cover page: Verk Steingríms Eyfjörð  
Kristmundssonar „Bleyttu mig“ / Sculpture by Steingrímur Eyfjörð  
Kristmundsson, „Bleyttu mig“.**

**Myndvinnsla / Photo montage: Dikta ehf**

**Umbrot og prentun / Layout and printing: Gutenberg h.f.**

#### **ÞAKKIR / ACKNOWLEDGEMENTS**

Listamennirnir vilja þakka Eiríki Þorlákssyni, Sigríði Ólafsdóttur, Sif Aðils, Berki Gunnarssyni, Gunnari Pálmassyni, Jóhönnu Skarphéðinsdóttur, Skarphéðni Gunnarssyni, Úlfari Bragasyni og öllu starfsfólki Listasafns Reykjavíkur sem kom að uppsetningu sýningarinnar.

The artists want to thank Eiríkur Þorláksson, Sigríður Ólafsdóttir, Sif Aðils, Þörkur Gunnarsson, Gunnar Pálmasson, Jóhanna Skarphéðinsdóttir, Skarphéðinn Gunnarsson, Úlfar Bragason and all the Listasafn Reykjavíkur staff that worked on the exhibition.

ISBN 9979-769-13-0

© Listasafn Reykjavíkur 2003

**Christos Chrissopoulos**, gaf út sína fyrstu skáldsögu 1996, *The Parthenon Bomber*. Síðan hefur hann gefið út bækurnar *Napoleon Delasto's Recipes* (1997), *Shunyata* (1999), *The Manicurist* (2000) og *Encircled World* (2001). Frá 1999 hefur hann unnið að ýmsum listverkefnum með Diane Neumaier og 2002 kom bók þeirra *The Black Dress* út í Bandaríkjunum. Chris er nefndur til í ýmsum sýnisbókum grískra samtímabókmennta og skrifar reglulega um bókmenntir í tímaritið *Diavazo*. Hann þýðir úr ensku og skrifar einnig bókmennta-gagnrýni fyrir dagblöð og tímarit í *Aþenu*. Hann hefur hlotið fjölda styrkja og verið í vinnustofum rithöfunda í Svíþjóð, Tékklandi, Rússland, Skotlandi, Bandaríkjunum og á Íslandi, þar sem hann lauk verkefninu HUGARLEIFTUR ásamt Diane Neumaier árið 2000.

- Ný skáldsaga hans *Theatre of voices* mun koma út í Grikklandi síðar á þessu ári.

**Christos Chrissopoulos**, first appeared in letters with the Novella *The Parthenon Bomber*, Anatolikos Publications, Athens (1996). After that followed: *Napoleon Delasto's recipes*, Editions Odysseas, Athens (1997), *Shunyata*, Editions Odysseas, Athens (1999), *The Manicurist*, Editions Odysseas, Athens (2000) and *Encircled World*, Editions Odysseas, Athens (2001). His forthcoming novel *Theatre of Voices*, Editions Kastaniotis, Athens (2003) will come out in Greece later this spring. His collaboration with Diane Neumaier started in 1999, and in 2002 their artist book *The Black Dress* was published in the USA by RCIPP. Chris has been featured in many anthologies of contemporary Greek fiction and writes regularly on literary theory for the journal *Diavazo*. He translates from English and also writes criticism for Athenian newspapers and magazines. Chris has won grants from writer's centers in Sweden, Czech Republic, Russia, Scotland, the USA and Iceland.

#### RÁÐLEGGING

Eitt sinn var hann spurður hvert væri besta ráð sem hann hefði nokkru sinni fengið. „Ekki,” sagði hann.

#### ADVICE

They once asked him for the single most useful piece of advice he had ever heard. “Don’t” he answered.

